

Dalabyggð
Hlynur T. Torfason
Miðbraut 11
370 Búðardal

Garðabær, 2. ágúst 2024
Málsnúmer: 202406-0040/202406-0041
MH

Efni: Ljárskógar – blönduð byggð, auglýsing tillögu um breytingu á aðalskipulagi og auglýsing um tillögu að deiliskipulagi

Vísað er til tveggja erinda Dalabyggðar sem bárust í gegnum Skipulagsgátt þann 19. júní 2024 þar sem óskað er eftir umsögnum Náttúrufræðistofnunar um auglýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2020–2032 í landi Ljárskóga og auglýsingu um tillögu að deiliskipulagi Ljárskógsstrandar.

Breyting aðalskipulags felur í sér að frístundabyggð F23 í landi Ljárskóga (L137576) sem er austan Vestfjarðarvegar færist alfarið vestur fyrir veginn. Umfang frístundasvæðisins minnkar úr 56,9 ha í 23,4 ha en heimilaður fjöldi frístundahúsa innan svæðisins eykst úr 15 í 23. Einnig er gert ráð fyrir tveimur nýjum verslunar- og þjónustusvæðum (VP-18 og VP-19) fyrir ferðaþjónustu vestan vegar á samtals 9,8 ha svæði.

Deiliskipulagstillagan fjallar eingöngu um nýju verslunar og þjónustulóðirnar (VP-18 og VP-19). Önnur svæði heildaruppbyggingar verða skipulögð á seinni stigum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagstillögurnar og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Skipulagssvæðið nær um 3,1 km meðfram strandlengju Breiðafjarðar, sem er vernduð samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Í verndaráætlun Breiðafjarðar 2014–2019 kemur fram að mikilvægt sé að skýra mörk verndarsvæðisins upp á land en almennt sé talið að þau miðist við fjörukamb ofan stórstraumsflóðs. Í greinargerð með breytingartillögu aðalskipulags er gert ráð fyrir að mörk verndarsvæðisins á Ljárskógarströnd miðist við fjörukamb, enda sé þar ekki að finna þekktar sjávar tengdar minjar og/eða nytjar nema mögulega naust við ósa Fáskrúðar nyrst á svæðinu. Fram kemur að lögð verði áhersla á að byggingar falli vel að landslagi og að tekið verið mið af verndaráætlun Breiðafjarðar.

Náttúrufræðistofnun ítrekar það sem fram kom í umsögn stofnunarinnar dags. 15. janúar 2024 um kynningu á aðalskipulagsbreytingu í landi Ljárskóga, að Breiðafjarðarsvæðið er einstök heild þar sem náttúrufar er sérlega fjölbreytt og auðugt m.t.t. lífríkis, jarðminja og landslags. Þá var vísað til nokkurra alþjóðlegra samninga sem varða svæðið. Stofnunin bendir jafnframt á að í vinnslu er endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun Breiðafjarðar. Best hefði verið að bíða með skipulagsbreytingar þar til áætlunin liggur fyrir en í öllu falli væri rétt að nefna að skipulagið taki mögulega breytingum í samræmi við endurskoðaða stjórnunar- og



verndaráætlun Breiðafjarðar ef tilefni er til. Mikilvægt er að tryggja aðgengi almennings að ströndinni og að mannvirki séu ekki nær ströndu en 50 m.

Í greinargerð með deiliskipulagstillögu kemur fram að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar sé selalátur á Ljárskógarskeri sem er vestan deiliskipulagssvæðisins (lóðar VP-18). Við uppbyggingu svæðisins er rétt að hafa í huga að sérstaka aðgát þarf að hafa í kringum selalátur og að þar ættu að gilda umgengnisreglur sem tryggja að dýrunum sé ekki ógnað á nokkurn hátt.

Á skipulagssvæðinu í heild kunna að vera vistgerðir sem hátt og mjög hátt verndargildi, sbr. vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun telur jákvætt það sem fram kemur í skipulagsskilmálum, þ.e. að áður en kemur til frekari uppbyggingar á svæðinu skuli gera könnun á vistgerðum á svæðinu og eftir atvikum breyta gildandi deiliskipulagi og aðalskipulagi til samræmis við niðurstöður hennar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagstillögurnar.

Virðingarfyllt,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

